

Rb-umsögn nr.: U15-07

Gildistímalok: 7. janúar 2023

- Rb-UMSÖGN -

Vörulýsing:	Fituskiljur úr pólýetýleni (PE) fyrir fitu og þykkar olíur í úrgangsvatni.
Vöruheiti:	Fituskilja 1000 og 1000-U, 1200 og 1200-U, 1400 og 1400-U, alls sex gerðir.
Umsagnarhafi:	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
Framleiðandi:	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
Staðfestingargögn:	Yfirlýsing um nothæfi, útgefin af framleiðanda, dags. 22. október 2015, í samræmi við vörustaðalinn ÍST EN 1825-1:2002/A1:2004, sem er samhæfður evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar, sbr. fylgiskjal.

Laga og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Byggingareglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1. 2. Lög um byggingarvörur, nr. 114/2014. 3. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

Forsendur, fyrirvarar og ábendingar


- Á sérhverri skilju skal vera auðfundin merkiplata þar sem skýrt kemur fram: auðkenni framleiðandans, númer ofangreinds staðals, nafnstærð, rúmmál skiljunnar og fastefnaskiljunnar, fitugeymslurými, hámarksdýpt geymslurýmisins og framleiðsluár; þá skal **CE-merkið** vera greinilegt.
 - Ákvæði ofangreinds vörustaðals krefjast ekki tilkynnts aðila né almennt óháðs vottunaraðila og samkvæmt því er ekkert vottorð gefið út.
 - Umsögn þessi nær einungis til vöru þeirrar, sem lýst er í ofangreindri Yfirlýsingu um nothæfi.
 - Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir fituskiljur til umræddra nota.
 - Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem fituskiljurnar eru staðsettar.
-

Umsagnarorð

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem fituskiljur. Gengið hefur verið úr skugga um að framleiðandinn hafi uppfyllt skilyrði til CE-merkingar. Umsögn þessi er framlenging á gildistíma Rb-umsagnar nr. U15-07 útg. 10. nóvember 2015.

Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.

Útgáfudagur framlengingar: 7. janúar 2020



Ólafur H. Wallevik,
Forstöðumaður Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins.

FYLGISKJÖL: Yfirlýsing um nothæfi (ein bls.).